

**Ed.**

### **312. Nefndarálit**

um frv. til laga um salerni í sveitum.

Frá landþúnaðarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að með frv. ef að lögum verði, sé ráðin bót á allmei-  
legu og leiðinlegu menningarleysi hjá þjóðinni.

Allir kaupstaðirnir og flest kaптúnin, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig,  
munu hafa heilbrigðissamþykktir, er fyrirskipa meðal annars um salernin.  
Aftur munu nokkur hin smærri þorp, sem í raun og veru teljast með sveitum,  
enda oft ekki sérstök sveitarfélög, ekki hafa neinar heilbrigðissamþykktir, og  
virðist því rétt að láta ákvæði frv. ná einnig til íbúðarhúsa í slíkum þorpum.

Rétt virðist, að hreppsnefndum sé gert að skyldu að láta héraðslækni í té  
í lok hvers árs meðan á sakernagerðinni stendur skýrslu um, hvað henni miðar  
áfram, þar sem það virðist standa þeim einna næst að fylgjast með þessu menn-  
ingarstarfi og sjá um, að lögunum sé framfylgt. Ýmsar smærri lagfæringar á  
frv. virðast og nauðsynlegar.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

#### **BREYTINGUM.**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Innan ársloka 1938 er skylt að reisa salerni, eitt eða fleiri eftir þörfum,  
á hverjum bæ og við hvert íbúðarhús í sveitum og þorpum landsins, þar

sem þau eru ekki þegar til. Hvilir sú skylda á eigendum jarða og húsa eða umboðsmönnum þeirra.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að árlega á árunum 1934—38 verði reist salerni á  $\frac{1}{5}$  salernislausu býlanna og íbúðarhúsanna, og hefir vald til að ákveða, á hvaða bæjum eða húsum það skuli gert hvert ár, ef samkomulag næst ekki um það meðal aðilja.

Í lok hvers árs skal hreppsnefndin láta héraðslækni í té skýrslu um, hve margir bæir og hús séu salernislaus í hreppnum og hversu mörg salerni hafi reist verið á árinu og af hvaða gerð.

3. Við 4. gr. Síðari málslið skal orða svo:

Að öðru leyti ber jarðeigandi eða húseigandi kostnaðinn af gerð salernis. Nú eiga fleiri jörð eða hús saman, og skiptist þá kostnaðurinn eftir eignarhlutföllum.

4. Við 4. gr. Á eftir greininni komi ný grein, er verður 5. gr., svolátandi:

Nú vanrækir eigandi jarðar eða íbúðarhúss skyldur sínar samkv. 2. og 4. gr., og er þá leiguliða rétt að reisa salerni, enda sé fullrar hagsýni gætt, og er eiganda þá skylt að greiða leigutaka allan kostnað, er af því leiðir.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Alþingi, 1. apríl 1933.

Páll Hermannsson,  
form.

Jón Jónsson,  
frsm.

Pétur Magnússon,  
fundaskr.